



FRÉTTABRÉF SAFNMANNA

Ritstjóri og ábm. Sigurjón Baldur Hafsteinsson
Árbæjarsafn, IS-130 Reykjavík. Netfang:sbh@centrum.is
6. árg. 1. tbl. 1997



Efnisyfirlit

Fornleifaskráning á Íslandi: Forsendur og markmið ~ Bjarni F. Einarsson.

Hér er sýning, um safn, frá mengi, til syrpu ~ Sigríður Sigurðardóttir.

Minjasafn um sögu fjarskiptamála á Íslandi.

Fréttir frá Ísafirði ~ Jóna Simónfa Bjarnadóttir.

Vinnuvika í Reykjavík ~ Hörður Geirsson.

Aðgengi blindra og sjónskertra að söfnum ~ Helga Einarsdóttir.

Á sama stað en samt að vera að ferðast ~ Guðmundur Magnússon.

Söfnun ljósympnda á Íslandi ~ Inga Lára Baldvinsdóttir.

Söfn á alnetinu ~ Hörður Geirsson.

Alnetstengingar.

ICOM á alnetinu.

Netföng starfsfólks Þjóðminjasafns Íslands.

Norrænt safnár 1997 ~ Þóra Kristjánsdóttir.


Nordliv styrkur ~ Hrafnhildur Jósefsdóttir.

Nafnarugl ~ Guðný Gerður Gunnarsdóttir.

Myndir úr Farskóla safnmannna 1995 og 1996.

Eitt og annað gagnlegt.

Félag íslenskra safnmannna
Stofnað 17. janúar 1981



Fornleifaskráning á Íslandi

Forsendur og markmið

Í byrjun tuttugustu aldar hófu Svíar markvissa fornleifaskráningu fyrstir allra þjóða. Hefur sú skráning haldið áfram fram á þennan dag og verið margendurtekin í þéttbýlustu héruðum. Í Noregi hófst slík skráning hins vegar ekki fyrr en 1963 og var aðferðarfraðin sótt til Svíþjóðar. Í báðum löndum tengdist skráningin gerð sérstakra korta (ekonomisk karta). Í Danmörku hófst samsvarandi skráning á áttunda áratugnum og var sú skráning talsvert frábrugðin þeim fyrnefndu þar sem hún var mun tæknilegri, flóknari og ýtarlegri en áður. Í þessum löndum má finna einhverskonar skráningar í þessa veru löngu fyrir aldamótin. Þær voru aftur á móti ekki eins markvissar og samræmdar og síðar varð. Fjöldi fornleifa var að sama skapi takmarkaður.

Á Íslandi má rekja slíka skráningu allt til ársins 1817 þegar *Commissionen for Oldsagers Opbevaring* skrifaði öllum prestum landsins bréf og bað þá að tilgreina fornleifar, hver í sinni sókn. Síðan hafa yfirlit um einstakar tegundir fornleifa, svo sem kuml og manngerða hella, verið birt, en þar hefur ekki verið farið eftir samræmdri skráningaraðferð.

Hvað er fornleifaskráning?

Fornleifaskráning er kerfisbundin heildarskráning (þó ekki in absurdum) á tilteknu svæði á þeim fornleifum sem eru m. a. tilgreindar í þjóðminjalögum. Eru það í raun allar fornleifar sem eitt tiltekið svæði kann að geyma, bæði þekktar og óþekktar. Fornleifaskráning er ekki einvörðungu hlutaskráning, svo sem skráning samgönguminja, iðnaðarminja, kumla, manngerðra hella o. s. frv. Slíkar skráningar flokkast undir sérskráningar og geta verið hluti fornleifaskráningar.

Markmið skráningar eða hvers vegna að skrá?

Ef minjavarslan á að geta sinnt sögulegu, menningarlegu, lagalegu og siðferðilegu hlutverki sínu sem ráðgefandi aðili við umhverfismat, markvissa rannsóknarstefnu, þjónustu við ferðamálayfirvöld o. s. frv. verður minjavarslan að hafa yfirlit um fjölda og tegundir fornleifa í landinu. Fornleifar eru mikilvægur hluti af þjóðarímynd Íslendinga og sögulegum skilningi (á öllum stigum svo sem landshlutum, héruðum, sóknum o.s.frv.). Fornleifaskráning eykur mikilvægi varðveislunnar. Fornleifar eru hluti af stærra samhengi (sögulegu og náttúrufræðilegu). Þær eru t.d. hluti af landslagi. Því ber að forðast að einangra þær í skipulagi.

Fornleifar þurfa ekki að vera efnislegar, þær geta verið huglaðar eða andlegar svo sem álfhólar, uppsprettur eða staðir tengdir trú eða sögu þjóðarinnar. Slíkir staðir eru jafn mikilvægir fyrir þjóðarímynd okkar

og sögulegan skilning. Til að geta valið út þær fornleifar sem nauðsynlegt er talið að friðlýsa sérstaklega (með þinglýsingum) er mikilvægt að vita hvaða fornleifar eru til. Varðveisla fornleifa er ómarkviss ef ekki er vitað hvað er til af þeim. Pannig er hægt að koma í veg fyrir að einhver ein ákveðin tegund fornleifa njóti of mikillar verndunar á kostnað annarra, eins og dómhringar gætu verið dæmi um.

Forsendur

Við gerð íslenska skráningarkerfisins sem verið hefur í vinnslu undanfarna mánuði á Þjóðminjasafni Íslands voru m. a. eftirfarandi forsendar gefnar:

- 1 Nýta reynslu Svíu og Norðmanna, en staðfara kerfið fyrir íslenskar aðstæður.
- 2 Halda kostnaði í lágmarki.
- 3 Hafa kerfið eins einfalt og mögulegt er svo að hver sem er geti skráð samkvæmt því að undangengnu námskeiði. Með námskeiðahaldi er hægt að þjálfu upp heimamenn í hverju héraði og tryggja þannig að reynsla og þekking verði tiltæk eftir að fyrstu skráningu lýkur. (Það verður hins vegar að taka það fram að fornleifaskráningu líkur aldrei!).
- 4 Nota eldri skráningar í nýja skráningarkerfinu.

-5 Hver staður með fornleifum hefur meira vægi en einstakar fornleifar. Pannig fæst betra yfirlit um heildina, frekar en einstaka afmarkaða þætti (t.d. hefur hver þingbúð á Pingvöllum takmarkaða þýðingu sé hún ekki hluti af ákveðnu samhengi).

Skýringar við forsendur

-1 Með því að nýta reynslu nágrannalanda okkar er hægt að varast ýmsa hluti og ganga má út frá því sem vísu að áratuga reynsla Svíu hafi sett mark sitt á skráningarkerfið þeirra til hins betra. Þess má einnig geta að lönd í A-Afríku (Kenya, Mozambique, Tanzania, Zimbabwe og Madagascar) byggðu á sánska skráningarkerfinu, enda er kerfið sem slíkt ekki háð ákveðnu landslagi eða menningu nema að litlu leyti.

Hér á landi eru rúmlega 30 einstaklingar með lágmarksgráður í fornleifafræðum. Á meðal þeirra þjóðminjavörður, borgarminjavörður, fréttamenn, prófessorar, menntskólakennarar, framhaldsnemar og einstaklingar búsettir erlendis. Tiltölulega fáir þeirra eru samt að störfum sem fornleifafræðingar, þeir eru því sjaldan til taks til fornifarannsókna, sérstaklega ef skráning fer víða fram samtímis, eins og stefnir í að muni gerast á næstu misserum.

Einnig má benda á þá staðreynd að allir íslenskir fornleifafræðingar eru menntaðir erlendis, en þar læra menn ekki um beitarhús, stekki, stöðla, álfaborgir og hrútakofa svo að einhverjar tegundir íslenskra fornleifa séu nefndar. Pann lærdóm verða menn að afla sér hér á landi.

-2 Þegar ákveða skal hvaða þætti eigi að taka með í skráningu á fornleifum, verður að velja og hafna. Mikilvægustu atriðin eru sjálf tilvistin, staðsetningin, formið og tegundin. Aðrir þættir eru ekki eins mikilvægir, þar sem þeim er hægt að bæta við síðar. Vegna ábendinga nokkurra aðila hefur kerfi það sem undirritaður bjó til orðið ítarlegra en ráð var fyrir gert í upphafi og í raun orðið ítarlegra en bæði norska og sánska kerfið.

-3 Eins og fram hefur komið eru tiltölulega fáir starfandi fornleifafræðingar hér á landi og er það því ekki skynsamlegt að hanna kerfi fyrir svo fámenna stétt. Heimamenn þekkja best sitt eigið umhverfi og um er að ræða minjar sem tilheyra þeirra sögu. Með því að þjálfa heimamenn í meðferð kerfisins vinnst margt: í fyrsta lagi að bekkingin verður tiltæk í héraðinu, öflun gagna verður fljótvirkari og eftirlit öflugra. Í öðru lagi er það góð fjárfesting fyrir minjavörluna að dreifa þekkingu af þessu tagi sem viðast út um landið. Má ætla að skilningur manna á menningararfínnum aukist og að fornleifum verði síður hætta búin vegna athafna samfélagsins. Að undangengnu námskeiði ættu leikmenn að geta sinnt henni. Er það álit undirritaðs að hlutverk minja- og byggðasafna eigi og muni fara inn á þessar brautir í framtíðinni. (Sjá grein eftir sama höfund í Fréttabréfi safnmanna 3 tbl. 1996)

-4 Til eru eldri fornleifaskráningar, svo sem í Garðabæ, Hafnarfirði og Mosfellsbæ. Áfangaskrár eru einnig til á stöku stað út um landið. Flestar þessara skráa eru gerðar samkvæmt sánsku aðferðinni, en aðrar skrár eru samkvæmt eigin aðferðum af ýmsu tagi. Sumar skrár eru í einkaeign og aðrar ekki að finna nema erlendis. Þessar skrár þarf að nálgast og færa inn í nýja kerfið. Því einfaldara sem það er, því notadrýgri eru eldri skráningarnar.

-5 Hingað til hefur verið litið á fornleifar á Íslandi sem einstaka punkta í landinu. Erlendis færist það mjög í vöxt að líta á fornleifar sem hluta af stærra samhengi, jafnvel landslagi. Á sama tíma eru Íslendingar farnir að tala um hugtök eins og menningarlandslag eða búsetulandslag (kulturlandskap) sem líta má á sem skref í átt til viðhorfsbreytinga á þessu sviði. Með nokkrum rétti má halda því fram að erfitt sé að skilja rúst nema skilja það umhverfi sem rústin er í. Pannig er beitarhúsum t.d. komið fyrir á ákveðnum stöðum og sama má segja um sel, kuml og fornbæi svo nokkur dæmi séu nefnd. Þingvellir eru merkilegri sem ein heild heldur en einstakar búðarrústir sem þar má finna. Einstakar rústir á Þingvöllum eru skiljanlegar af því að umhverfið er þekkt.

Hvernig lítur skráin út?

Hér á eftir má sjá hvernig fornleifaskráin lítur út. Hún skiptist í þrjár meginþrár; aðalskrá, almenna skrá og lokskrá.

Fornleifaskrá Íslands

Adalnr.

1

Sýsla Snæfellsnessýsla	Sveitarfélag Snæfellsbær	Táknatala 3714	
Landareign Gufuskálar	Nr	Heiti Írskubúðir/Gerðuberg	Undirnr. 1 - 17

Staðfræðikort	GPS Staðsetning	M.y. sjó	Skekka
		-	-

Tegund minja		Fjöldi						
Eyðibýli		17						
Hættunat	Hætta	Ástand	Aldur	I evði		Minjagildi	Merkja?	
Landeyðing	Lítill	Ágætt	-1550	<1000		Hátt	Já	
Skrásetjari		Dags.				Friðskrá?	Friðskrá?	Hvenær
Bjarni F. Einarsson		4/7 '96				-	Já	22/6 '29

Lega og staðhaettir	Heimildir og munnmæli
<p>Ca. 200 m SA frá landsvegi og 30 m A frá aflögðum malar- flugvelli, SA-enda hans. Bejarstæðið er í jaðri hrauns á barmi hamrabeltis (Gerðubergs) og umhverfis hvilft, þurrleit og þýft.</p>	<p>Brynjúlfur Jónsson „Rannsóknir í Snæfellsnessýslu sumarið 1899.“ Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1900. Reykjavík 1900:19-20.</p> <p>Jónas Hallgrímsson. Ritverk. II Bind. Reykjavík 1899:425 og 454-55.</p> <p>Örnefnaskrá. Gufuskálar. Örnefnastofnun. Lúðvík Kristjánsson skrifði eftir Elínborgu Magnússdóttur [Porbjarnardóttir] húsfreyju á Gufuskálum.</p> <p>Frh.</p>

Lýsing	Eyðibýli.
	Á ca. 300 - 240 m stóru svæði (N - S). Rústirnar eru annarsvegar mjög fornar, og hinsvegar yngri, ofan á eldri í einstaka tilfellum.
	Enginn túngarður er sjáanlegur og vílast til aldrei verið. Nokkrar þústir eru á svæðinu til viðbótar rústunum, sem gætu verið rútir, þó þær séu ekki skilgreindar sem sífkar hér.
	Dagana 14. - 15 sept. 1996 fóru fram prufurannsóknir á 3 rústum og Hákonarholi (kumli).

Ljósmyndir	
	Ljósmynd

Ljósmyndarí	Bjarni F. Einarsson
Filma nr.	1:1-17

Athugasemdir

Rústirnar eru fornar (eldri en 1000), með undantekningu, sbr. skránnar. Rústirnar eru afar heillegar og heilsteyptar og hljóta að vera lýsilegar til nánari fornleifarannsókna. Munnmæli herma að ískir skipbrotsmenn hafi byggt búðir þessar og haft þar vetrusetu og danskir síðar (Lúðvík Kr. 1934:179).

Mynd 1.
Skráningarblað fyrir grunnupplýsingar, aðalskrá.

Fornleifaskrá Íslands

Adalur.

1

Sýsla

Snæfellsnessýsla

Sveitarfélag

Snæfellsbær

Táknatala

3714

Landareign

Gufuskálar

Nr

Heiti

Irskubúðir/Gerðuberg

Undirnr.

1

Staðfræðikort

GPS Stadsetning

N 64°53.128 W 023°57.440

M.v. sjó

Skekkja

29

Tegund minja

Skál?

Hættumat	Hæta	Ástand	Aldur	I evði
----------	------	--------	-------	--------

Landeyðing	Lítil	Ágætt	-1550	<1000
------------	-------	-------	-------	-------

Skrásetjari	Dags.
-------------	-------

Bjarni F. Einarsson 4/7 '96

Fjöldi

1

Minjagildi

Merkja?

Hátt

Já

Fruðss? Frakist?

Hvenær

22/6 '29

Legi og staðhættir

Ca. 46 m A frá SV-horni flugbrautar, vestast í bæjarstaðinu, niður við valllendismóða.

Heimildir og munnumæli

Bjarni F. Einarsson. Skýrsla v/ prufurannsókna.

Lýsing


Skáli?

6 x 17 m (NA - SV). Veggir úr torfi, 1 - 1,5 m br. og 0,3 - 0,5 m h.

Við sinn hvorn endann eru hólf (B og C) sem afmarkast af þverveggjum. Dyr trúlega á milli A og B. Ekki eru dyr sjáanlegar út úr skálanum, en sennilegt verður að teljast að þær hafi verið á N-langhlíð, og jafnvel viðar.

Veggir eru talsvert þýðir og grónir.

3 m NNV af rúst nr. 1 er rúst nr. 2.



J. Jónasson

Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr.

1:2

Athugasemdir

9. - 10. aldar skáli! Við prufurannsókn reyndist rústin cinna helst vera fjós.

Mynd 2.

Hér má sjá sama skráningarblað og á mynd 1, nema hvað teikning hefur verið sett inní skráningarblaðið. Takið eftir að fyrir neðan teikninguna er gert ráð fyrir ljósmynd af svæðinu.

Snaefellsbær 3714


Adalnr.

1

Landareign Gufuskálar	Nr	Heiti Írskubúðir/Gerðuberg	Updirnr. 1 - 17			
GPS Stadsetning	Skekja	Tegund Eyðibyli	Fjöldi 17			
Hættumati Landeyðing	Heita Lítill	Ástand Ágætt	Aldur <1550	I evði <1000	Minjagildi Hátt	Merkja? Já
Skrásetjari Bjarni F. Einarsson	Dags. 4/7 '96	Fríksa? Fríksa? - Já Hvener 22/6 '29				

Leg og staðhættir

Ca. 200 m SA frá landsvegi og 30 m A frá aflögðum malar- flugvelli, SA-enda hans. Bærjarstæðið er í jaðri hrauns á barmi hamrabeltis (Gerðubergs) og umhverfis hvílft, þurrleit og þýft.



Snaefellsbær 3714


Adalnr.

1

Landareign Gufuskálar	Nr	Heiti Írskubúðir/Gerðuberg	Updirnr. 1			
GPS Stadsetning	Skekja	Tegund Skáli?	Fjöldi 1			
Hættumati Landeyðing	Heita Lítill	Ástand Ágætt	Aldur <1550	I evði <1000	Minjagildi Hátt	Merkja? Já
Skrásetjari Bjarni F. Einarsson	Dags. 4/7 '96	Fríksa? Fríksa? - Já Hvener 22/6 '29				

Leg og staðhættir

Ca. 46 m A frá SV-horni flugbrautar, vestast í bærjarstæðinu, niður við valllendismóa.



Mynd 3.

Svona lítur almenna skráin út. Upplýsingarnar eru hér knappari en í aðalskránni og miða við notkun fyrir skýrslugerð svo dæmi sé nefnt.

Pjónustuskrá

Áðalnр.

1

Landareign	Nr	Heiti	Undirnр.
Gufuskálar		Írskubúðir/Gerðuberg	1

Staðfræðikort	GPS Staðsetning	Skekkja
	N 64°53'.128 W 023°57'.440	29

Tegund minja	Fjöldi
Skáli?	1
Hættumat	Minjagildi
Landeyðing	Merkja?
Lítil	Hátt
Ágætt	Já
Aldur	Fridksíð
-1550	Já
I evði	Hvenær
<1000	22/6 '29
Skrásejari	
Bjarni F. Einarsson	
Dags.	
4/7 '96	

<i>Lega og staðhættir</i> Ca. 46 m A frá SV-horni flugbrautar, vestast í bæjarstæðinu, niður við vallendismóa.	
---	--

<i>Lýsing</i> Skáli? 6 x 17 m (NA - SV). Veggir úr torfi, 1 - 1,5 m br. og 0,3 - 0,5 m h. Við sinn hvorn endann eru hólf (B og C) sem afmarkast af þverveggjum. Dyr trúlega á milli A og B. EKKI eru dyr sjánlegar út úr skálanum, en semilegt verður að teljast að þær hafi verið á N-langhið, og jafnvel viðar. Veggir eru talsvert þýðir og grónir. 3 m NNV af rúst nr. 1 er rúst nr. 2.	Athugasemdir 9. - 10. áldar skáli! Við prufurannsókn reyndist rústun einna helst vera tjós.
---	---

<i>Áltsgerð</i>	
-----------------	--

Sýnishorn, t.d. vegna umhverfismats
Rústirnar eru friðlýstar og því ekki leyfilegt að hrófla við þeim á nokkum hátt, hvorki taka úr þeim né bæta við. Friðlýsingunni fylgir 20 m stórt friðheilgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum rústanna og því má ekki heldur hrófla við. Frávik frá þessari reglu er m.a. háð leyfi fornleifaneftnar, enda komi þá til fornleifarannsókn viðurkenndra aðila. Þjóðminjasafns Íslands teirur að ef íramkvæmdaraðilar halda til streitu ósk sinni um óbreyttar framkvæmdir verði ýtarleg fornleifarannsókn gerð á staðnum og allar þær rústir sem í hættu eru, verði fullgraðar. Kostnaðarþættir eru því uppröftur, úrvinnsla og skýrslugerð. Nánari útfærsla er í höndum Þjóðminjasafns Íslands og framkvæmdaraðila.

Mynd 4.

Svona lítur þjónustuskráin út. Hún er ekki ósvipuð og aðalskráin nema hvað áltsgerð hefur verið hnýtt við hana.

Hverjir hafa gagn af skránni?

- Fræðimenn vegna rannsókna.
- Minjavarslan (þjónusta, umhverfismat, eftirlit, stefnumörkun).
- Skipulagsfyrvöld og framkvæmdaaðilar (vegna skipulags, tillitsemi, til að forðast árekstra og slys).
- Ferðamálayfirvöld (vegna sérmerkinga, og til að draga fram sögu landsins, auka ferðamannastraum, stjórna ferðamannastraumi).
- Skólar í héraði (til að efla sögulega vitund í héraði og til að efla sjálfsvitund nemenda um uppruna sinn).
- Áhugamenn (áfangastaðir, upplýsingar).
- Heimamenn (til að efla sögu- og sjálfsvitund. Til að marka stefnu í skipulags- og ferðamálum).

Dæmi um stefnumörkun

I

Þegar fornleifar hafa verið skráðar er hægt að setja upp eftirfarandi markmið/áætlun á einhverju skilgreindu svæði s.s. eins og þjóðgarði eða friðlýstu svæði svo dæmi séu tekin. Slík áætlun gæti haft í för með sér:

- Eflingu á varðveislu fornleifa og annarra mannvistarminja
- Betra aðgengi fyrir almenning
- Betri skilning á fornleifum og samhengi þeirra
- Góðar og einfaldar upplýsingar fyrir almenning á staðnum
- Hentuga notkun svæðisins
- Skynsamlega meðferð á fornleifum

II

Fornleifum stafar ákveðin hætta vegna ytri þátta. Taka þarf tillit til þeirra við skipulag svæða. Hæturnar geta verið:

- Slit vegna ágangs ferðamanna
- Ólögleg umferð utan vega/slóða
- Súrt regn og önnur mengun
- Gróður og landgræðsla (trjárækt eða afleiðingar sérstakrar ræktunar)
- Uppblástur
- Skurðir nálægt fornleifum sem valdið geta eyðileggingu mannvistarlag'a
- Skepnur
- Sjávargangur
- Ábúð
- Efnistaka
- Vegagerð

III

Pegar lokið er fornleifaskráningu og búið að gera sér grein fyrir öllum aðstæðum þarf að gera áætlanir um aðgerðir. Þær geta verið:

- **Áætlun um varðveislu (varðveisla og lagfæring einstakra fornleifa)**
- **Áætlun um viðhald (gróður, ferðaleiðir, upplýsingar)**
- **Reglur um notkun og umferð (til að koma í veg fyrir skaða á fornleifum og náttúru)**

Niðurlag

Bændasamfélagið, sem leið undir lok um miðja þessa öld, var afar ihaldsamt. Beitarhús frá aldamótunum síðustu getur varpað skýru ljósi á beitarhús frá 17. öld vegna þess að það var byggt úr sömu efnunum, hafði sama form og var sprottið upp úr samskonar samfélagi. Minjagildi beitarhúsa frá aldamótunum síðustu er því mikil. Enn eru menn á lífi sem muna eftir húsum af þessu tagi sem og öðrum húsum bændasamfélagsins. Þessir menn eru þó óðum að týna tölunni og bekking þeirra að falla í gleymskunnar dá. Því er ekki seinna vænna að hefja fornleifaskráningu, ef þessari bekkingu á að koma í örugga höfn. Gildi rústar er minna um leið og við vitum ekki lengur hvaða notagildi hún hafði og til að komast að því þarf dýra og tímafreka aðgerð sem heitir fornleifauppgröftur.

Þjóðminjasafn Íslands er lögum samkvæmt miðstöð minjavörlunnar í landinu. Því ber að hafa forystu á þessu sviðu. Ekkert skráningarkerfi er hið eina rétta eða það besta. Hins vegar má segja að notkun á mórgum skráningarkerfum samtímis sé verri kostur en notkun eins sæmilegs kerfis.

Peir aðilar sem hug hafa á að hrinda af stað skráningu í sínu héraði geta fengið námskeið í fornleifaskráningu á staðnum fyrir starfsmenn minjasafna og aðra áhugamenn í héraði sem stefna að því að skrá. PEGAR hafa tvö slík námskeið verið haldin, annað á Höfn í Hornafirði og hitt í Borgarnesi. Námskeiðið stendur yfir í þrjá daga og er byggða- og minjasöfnum að kostnaðarlausu. Allar nánari upplýsingar veitir undirritaður á Þjóðminjasafni Íslands (552-8888).

Dr. Bjarni F. Einarsson
bjarnif@natmus.is

Hér er sýning, um safn, frá mengi, til syrpu

Eins og komið hefur fram á þessum vettvangi þá skrifaaði ég Íslenskri málstöð bréf til að kanna hvort „á þeim bæ” mætti fá ráðleggingar um betra orð yfir safn í merkingunni *collection* (á ensku) og *samling* (á dönsku). Svarið kom og er skemmt frá að segja að hugmynd var sett fram um hvort ekki mætti nota annaðhvort orðið *syrpa* eða *mengi*, og þá *safnmengi* í staðinn fyrir safn í þessari merkingu eða jafnvel orðið *samsafn*. Rökin fyrir hugmyndinni um mengi eru þessi: Þótt mengi sé notað sem stærðfræðiheiti merkir það margt eins og „ótiltekinn hópur af stökum, hópur af einhverju tagi (t.d. hópur talna, orða, manna, hluta)” eins og segir í Orðabók Menningarsjóðs. Mengi merkir (merkti) enn fremur í fornu skáldamáli, samkvæmt Orðabók Menningarsjóðs, fólk og mannfjölda. Það ætti því að vera auðvelt að fára rök fyrir því að mengi geti merkt fjöldi (hópur) muna eða safnmengi. Orðið *syrpa* þarf ekki að útskýra. Þetta er auðvitað sett fram sem hugmyndir, sem svar við fyrirspurn minni til Íslenskrar málstöðvar.

Eftir því sem ég hugsa málið frekar finnst mér ekkert koma almennilega í staðinn fyrir hugtakið safn í merkingunni hópur sérstakra muna. Ég er farin að hallast að því að best sé að nota munasafn eða safn áfram. Safn getur svo sem haft margfalda merkingu án þess að það trufli ef allir þekkja merkinguna og hvað verið er að tala um. Það er í rauninni meira atriði að við temjum okkur að nota orðin safn og sýning rétt, þar sem þau eiga við.

Það er flókið mál að taka upp ný orð. Á meðan fólk áttar sig ekki fyllilega á mismuninum á safni, sem hugtaki yfir alla safngripi í safni og starfsemi sem tengist þeim og hins vegar sýningu, í merkingunni hópur safngripa sem settir eru fram til sýnis, er ekki von til að við komum nýju orði á framfæri. Þessi hugtök skipta máli og þau þurfa að vera vel skiljanleg öllum, jafnt almenningi sem ráðamönnum. Við skulum koma þeim á framfæri fyrst.

Gæti orðið *safn* t.d. komið í stað orðsins safn í merkingunni *collection* og *samling*? Eða orðið munasafn? Er kannski best að hafa þetta eins og það er og reyna fremur að „skerpa” skilninginn? Hefur þér dottið eitthvað í hug? Ég vil hvetja safnmenn til að reifa hugmyndir sínar um þessi mál.

Sigríður Sigurðardóttir.

Minjasafn um sögu fjarskiptamála á Íslandi

Póst- og símamálastofnunin og Háskóli Íslands hafa ákveðið að stofna til samstarfsverkefnis til 10 ára, er hafi eftirfarandi hlutverk með höndum.

Að koma upp og styðja rekstur:

- Minjasafns um sögu fjarskiptamála á Íslandi.
- Þjálfunar- og rannsóknarstöðvar í nútíma fjarskiptatækni, þar sem m.a. verður unnt að prófa og sýna framtíðartækni í vinnslu auk rannsókna.

Stofnframlag Háskóla Íslands er aðstaða fyrir þjálfunar- og rannsóknarstöðina í nútíma fjarskiptatækni í húskynnum Háskóla Íslands. Jafnframt lætur Háskóli Íslands húseignina Loftskeytastöðina á Melunum af hendi undir minjasafn um sögu fjarskiptatækni á Íslandi. Húsið verður eign Póst- og símamálastofnunar, sem greiðir fyrir það kr. 10 milljónir. Afsal fer fram eigi síðar en 1. október 1997. Húseigninni er afsalað án lóðaréttinda en Háskóli Íslands tryggir Póst- og símamálastofnuninni nauðsynlegt aðgengi að húsinu. Háskóli Íslands á forkaupsrétt að húsinu. Um afnotarétt Pósts- og símamálastofnunarinnar af lóð Háskóla Íslands og um aðgengi fer eftir nánara samkomulagi aðila.

Stofnframlag Pósts- og símamálastofnunarinnar til samvinnuverkefnisins er tæki og búnaður sem tengjast sögu símamála á Íslandi frá upphafi allt til nýjustu símatækni, stofnkostnaður til að gera safnbúnað aðgengilegan almenningi, svo og stofnkostnaður búnaðar í þjálfunar- og rannsóknarstöðinni.

Tekjur samstarfsverkefnisins verða: a) árleg framlög Póst- og símamálastofnunar frá og með 29. september 1996, sem nema allt að kr. 5.000.000,- á ári m.v. launavísitölu í september 1996. b) Önnur framlög svo sem styrkir, gjafir o.p.h. Stjórn samstarfsverkefnisins skipa þrír menn til þriggja ára í senn.

Ólafur Tómasson póst- og símamálastjóri og Sveinbjörn Björnsson rektor Háskóla Íslands undirrituðu þennan samning hinn 29. september sl.

Úr *Fréttabréfi HÍ* 1996. 4. tbl. 18. árg.

Fréttir frá Ísafirði

Ef marka má fréttir fjölmíðlanna þá er ekki seinna vænna að kynna starfsemi safnanna hér vestra, fólk er víst að flytja héðan í stórum stíl (skyldu öll þessi nýju andlit sem ég sé í bænum þá vera huldufólk?) í öryggjíð" syðra svo allt stefnir í að hér verði byggð komin í eyði þegar ný öld gengur í garð, að minnsta kosti verða ekki aðrir eftir en einhverjur sérviskupúkar sem enginn nennir að púkka upp á nema Ómar Ragnarsson!

Hér á Ísafirði eru starfrækt fjögur söfn, Byggðasafn Vestfjarða, Bæjar- og Héraðsbókasafn, Héraðsskjalasafn og Listasafn Ísafjarðar. Byggðasafnið þarfust vart kynningar þar eð flest ykkar hafa þegar heimsótt Jón Sigurpálsson í Neðstakaupstað. Mig langar frekar til að nota tækifæríð og kynna fyrir ykkur merkilega nýjung í starfsemi þess. Undanfarin tvö sumur hefur safnið, í samvinnu við Vesturferðir, Listaskóla Rögnvaldar Ólafssonar og two sagnfræðinga, staðið fyrir dagskrá fyrir ferðameni í tali og tónum með yfirkriftinni „Sumarkvöld í Neðstakaupstað". Hér er á ferðinni kvöldskemmtun sem felur í sér fróðleik um sögu Ísafjarðar og nágrennis, kynningu á safngripum sem tengjast þema kvöld einsins, kynningu á húsunum á Neðsta og síðast en ekki síst tónlistarflutning og er þá gjarnan sótt í smiðju vestfirska skálda. Um er að ræða 6-7 fimmtudagskvöld frá s.h. júnímánaðar til f.h. ágúst. Efnin sem fyllt var um í sumar voru: hreppaflutningar, kynlegir kvistir, farskólar, stríðsárin, lífið á reitunum og kvöldvökur. Þá brugðum við okkur af bæ og héldum eitt kvöldið inn í Vigur í Ísafjarðardjúpi. Dagskránni hefur verið vel tekið, ekki hvað síst af heimamönnum, og ætlum við að halda ótrauð áfram næsta sumar. Að baki hverju þessara kvölda liggur mikil vinna og þó langt sé frá að þau skili eitthverju í aðra hönd þá hafa þau vakið fólk til vitundar um söguna og vakið áhuga á að heimsækja safnið og húsin í Neðsta. Þá hafði opnun kaffihúss í Tjörhúsi einnig jákvæð áhrif á lífið í Neðstakaupstað og færst hefur í vöxt að þar sé efnt til mannfagnaða. Móttökur af ýmsum staðum og gerðum eru snar þáttur í starfsemi safnsins og fara þær jafnan fram í Turnhúsinu.

Bæjar- og Héraðsbókasafnið er orðið býsna gamalt, stofnað árið 1889. Safnkostur aðalsafsins er liðlega 72.000 bindi og blaða- og tímaritaáskriftir um 200. Ef bókakostur útibúanna í Ísafjarðarbæ er talinn með telst bókaeign safnsins vera um 103.000 bindi. Þá hefur safnið aðgang að Gegni, Skýrr, Streng, Dialog og alnetinu (Internetinu). Húsnæði safnsins á lofti Sundhallarinnar er fyrir löngu orðið of lítið en nú hillir undir lausn vandans. Innan fárra ára (eru ekki safnamenn bjartsýnasta fólkis í landinu?) mun safnið, ásamt Skjala- og Listasafni, flytjast í Gamla sjúkrahúsið á Eyrartúni. Húsið er um það bil 1000 fermetrar, byggt árið 1925 eftir teikningu Guðjóns Samúelssonar húsameistara.

Héraðsskjalasafnið var stofnað árið 1952. Það hefur lengst af verið til húsa á háalofti Sundahallarinnar, í kompaníi við Byggðasafnið, en hefur nú fengið inni í kjallara Gamla sjúkrahússins. Í þessum rituðum orðum eru frágengin skjöl í 550 öskjum og um það bil 300 pökkum. Þá er ótalið mikið magn korta og teikninga. A síðasta ári áskotnaðist safninu t.d. mikill fjöldi húsateikninga eftir Jón Sigmundsson sem byggði mörg fegurstu steypuhús bæjars.

Ljósmyndasafnið telst deild í skjalasafninu. Þar eru rúmlega 80.000 myndir, filmur, glerplötur og ljósmyndir, aðallega frá ljósmyndastofum sem starfræktar hafa verið hér í bæ frá 1889. Stærstu aðilarnir eru: Björn Pálsson, Martinus Simson, Jón Áðalbjörn og Leó Jóhannsson. Búið er að ganga frá stærstum hluta safnsins í sýrufriar umbúðir en til verksins höfum við notið styrks úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Töluverð vinna er við myndasafnið enda berast því fjölmargar fyrirspurnir ár hvert. Við höfum ekki enn hafist handa um tölvuskráningu safnsins, sem þýðir að töluverður tími getur farið í afgreiðslu einstakra fyrispurna. Hvernig væri að við myndasafnamenn tækjum okkur til og funduðum á nýju ári um skráningu mynda, frágang og raunar allt það sem lýtur að myndum og myndasöfnum? - bíð spennt eftir að heyra viðbrögð ykkar við þessari hugmynd.

Jóna Símonía Bjarnadóttir
jona@mail.snerpa.is

Vinnuvika í Reykjavík

Undirritaður fór í svokölluð „vinnuskipti” á Þjóðminjasafnið vikuna 25. til 29. nóvember síðastliðinn og varð þar með fyrstur til þess að nýta sér þann möguleika sem Safnmannafélagið hefur barist fyrir, það að safnmenn hafi tök á því að fara milli stofnana og vinni hver hjá öðrum, læri hver af öðrum og kynnist störfum hvers annars.

Ferðin var lærðómsrík fyrir mig á margan hátt. Er það fyrst að telja þá innsýn sem ég fékk í það starf sem unnið er á myndadeild Þjóðminjasafnsins. Þar er mikið verk óunnið. Það var stærð þess verkefnis sem framundan er sem kom mér mest á óvart. Prátt fyrir að ég hafi oft komið þar áður, þá veitist manni ekki innsýn í störfin sem þarna eru unnin nema verða þáttakandi í starfinu.

Ég eyddi einnig nokkrum tíma í að leita að ljósmyndum frá minni heimabyggð, Akureyri, til að skrá þær betur og nýta þar með þekkingu mína á þessu sviði. Hafði ég líka mikið gagn af því að vinna með Ívari Brynjólfssyni ljósmyndara safnsins við myndatöku og vinnu í myrkrahverbergi.

Það er skoðun mínn eftir þá reynslu sem ég bý að eftir þessa viku, að safnmenn ættu að notfæra sér þennan möguleika til vinnuskipta. Ég sé

fyrir mér að í framtíðinni gætu þessi vinnuskipti orðið að árlegum ferðum manna milli stofnana, svo lengi sem hægt er að læra eitthvað. Þetta á kannski sérstaklega við meðan enn er verið að tölvuvæðast.

Nú hefur ísinn verið brotinn með þessari ferð minni á

Þjóðminjasafnið og nú er komið að ykkur hinum að prófa hvort ekki sé hægt að koma á skiptum við einhverja þá stofnun sem gæti orðið ykkur til fræðslu og lærðóms.

Hörður Geirsson.

Aðgengi blindra og sjónskertra að söfnum

Ég fagna þeim áhuga sem aðgengimál fatlaðra hafa notið í seinni tíð og því að fá þetta tækifæri til að fjalla um aðgengi blindra og sjónskertra að söfnum. Ég er menntaður umferlis- og ADL kennari frá Finnlandi og starfa sem fræðslu- og ferlifultrúi hjá Blindrafélaginu. Umferli er eins og orðið bendir til það að komast leiðar sinnar án vandræða með hjálp þeirra hjálpartækja sem í boði eru og er hvíti stafurinn þekktasta og mest notaða hjálpartækjöld. ADL er styttung á athafnir daglega lífsins og felst í því að geta bjargað sér með viðeigandi aðferðum og hjálpartækjum í daglega lífinu, t.d. klæða sig, lesa á blindraúr, matreiða og þrífa.

Við skrif þessarar greinar naut ég aðstoðar Ágústu Eir Gunnarsdóttur en hún hefur mikla reynslu af því að skoða söfn með höndunum. Til að skýra mál mitt nota ég dæmi og skáletra þau.

Blindir og sjónskertir

Blindir og sjónskertir er nokkuð stór hópur samansettur af fólk með mismunandi litla sjón. Sumir sjá ekki neitt, aðrir sjá mun dags og nætur, enn aðrir sjá allt í þoku, meðan aðrir hafa mjög þróngt sjónsvið. Þeir nota því mismunandi aðferðir til að skoða umhverfið.

Talið er að 80% þeirra upplýsinga sem maðurinn fær um umhverfi sitt fái hann með sjóninni, en þegar hún er engin kemur að hinum skynfærunum. Blindir nota snertiskynið, heyrnina, lyktar- og bragðskynið til að skoða sig um. Bragðið er minnst notað nema þá við matreiðslu, en hin skynfærin eru í stöðugri notkun og samspil þeirra skiptir meginmáli.

Jón bregður sér í verslunarmiðstöð og ætlar að finna bakarúið, hann notar lyktarskynið til að finna út í hvaða átt hann á að fara, hann þreifar fyrir sér með stafnum í leit að innganginum og hlustar eftir afgreiðslunni, miðar t.d. út hljóðið í búdarkassanum og stefnir á hann.

Að heimsækja söfn

Blindir og sjónskertir hika ekki við að heimsækja söfn og af mörgu er að taka hér á landi. Sjónskertir geta skoðað málverkasýningar en alblindir sækja heldur sýningar á því sem hægt er að preifa á.

Þegar þeir sem hafa sjón skoða sýningu, er augunum rennt yfir sýningargripina og eru þeir oft skoðaðir nánar séu þeir spennandi. Þegar blindur maður skoðar sýningu hefur hann ekki þessa yfirsýn sem við höfum, heldur verður hann að preifa á öllum sýningargripunum, kannski skoðar hann einn hlut betur en annan en hann þarf að preifa mikil á hlutnum áður en hann nær heildarmyndinni.

Prír blindir menn fengu það frábæra tækifæri að skoða fil. Einn preifaði á fæti og sagði: þetta dýr minnir helst á burðarsúlu. Annar preifaði á rananum og sagði: Er þetta einhver tegund af slöngu. Sá þriðji fékk að fara á bak og var heillaður af stærð þessa mikla dýrs sem minnti hann á háseti.

Ef blindur maður hyggst skoða safn verður hann að fá nægan tíma og geta haft tækifæri til að koma oftar en einu sinni svo hlutirnir renni ekki saman í eina súpu.

En hvernig má gera söfnin aðgengilegri? Það eru nokkur atriði sem ekki eru flókin en geta haft úrslitabýðingu við uppbyggingu safna.

Að rata um sýningarsvæðið

Flestir skoða söfn með fylgdarmönnum, en það getur verið þreytandi til lengdar að geta ekki farið þegar maður er í skapi til að skoða safn og skoða það í rólegheitunum á eigin forsendum. Þess vegna skiptir miklu máli að auðvelt sé að fara um sýningarsvæðið og að ekki séu hindranir í veginum. Hættulegustu hindranirnar eru þær sem eru í andlitshæð og hvíti stafurinn nemur ekki, t.d. skilti og hillur festar á vegg.

Það er fátt eins leiðinlegt og að villast þar sem maður þekkir sig ekki og á þetta ekki eingöngu við um blinda og sjónskerta því stundum eru söfn svo stór og full af rangóllum að maður er fregnastur þegar maður finnur loks útgönguleiðina. Skýr gönguleið gegnum safnið skiptir því mjög miklu máli. Best er ef hægt er að merkja gönguleiðina með öðrum lit sem sker sig úr, svo sjónskertir geti fylgt henni og annarri áferð sem blindir geta fylgt með hvíta stafnum. En einfaldari og ódýrari lausnir eru einnig til.

Sum söfn erlendis bjóða blindum gestum sínum upphleypt kort af sýningarsvæðunum til að átta sig á staðháttum og er þá hægt að fá kort sent heim til að geta verið búinn að kynna sér staðhætti og skipuleggja heimsóknina fyrirfram. Við gerð kortanna skiptir magn upplýsinga mjög miklu máli, of miklar upplýsingar geta valdið ruglingi.

Lýsing og glerskápar

Lýsing getur haft úrslitavald um það hvort sjónskertir njóta sýningar eður ei. Miklu máli skiptir að ekki glampi á sýningargripina og að birtan á safninu sé jöfn. Það getur tekið ótrúlega langan tíma fyrir auga að venjast breytti birtu.

Sýningargripir í glerskápum valda blindum oft miklum vonbrigðum, að fara á safn og mega einungis skoða hluta sýningargripanna er erfitt að sætta sig við, sérstaklega þegar um er að ræða gripi sem erfitt er að koma höndum yfir annars staðar.

Júlla hafði hlakkað lengi til þess að fara með skólanum á fuglasafnið. Hún þekkti flesta fugla á hljóðinu, einhverjum hafði verið lýst fyrir henni en nú var tækifærið að skoða þá. Hvernig er að snerta fugl? Hvað er löan stór, er hún lík álf? Eru öll egg jafn stór og haenuegg? Þegar á safnið kom gengu bekkjarfélagarnir um og dáðust af fuglunum sem voru læstir inni í glerskápum, Júlla gat einungis skoðað glerið, fundið lyktina sem tilheyrdi fuglasafni og hlustað á bekkjarsystkinin dásama fuglana.

Hvað fékk Júlla út úr heimsókninni fyrir utan ferðalagið úr skólanum? **VONBRIGÐI**

Ef Júlla hefði fengið að skoða uppáhalds fuglana sína þó ekki væri nema two fugla hefði það gert heimsóknina ógleymanlega.

Höggmyndasýningar

Félagsmönnum Blindrafélagsins hefur oft verið boðið á höggmyndasýningar og hafa þær notið mikilla vinsælda. Eini vandinn með höggmyndirnar er hvað þær eru oft stórar og á háum stöplum.

Rúna fór á sýningu þar sem sýndar voru mannamyndir og var lægsta myndin 3 metrar á hæð. Rúna skoðaði því mestmagnis fótabúnað mannanna og stöplana sem þeir stóðu á. Hún hafði ekki hugmynd um andlitsfall, hvort um var að ræða Djáknann á Myrká eða Guðrúnú. Rúnu til haps var verið að mála skrifstofur safnsins. Jóna safnvörður bauð henni stiga sem hún svo sannarlega nýtti sér.

Handverk og kaðlar

Síðustu árin hefur það aukist að kynnt hafi verið handverk gamla tímans á söfnum. Kynnt hefur verið tóvinna, sláttur með orfi og ljá og svo mætti lengi telja. Til að átta sig á vinnubrögðunum er auðvitað langfróðlegast að fá að prófa sjálfur. Komið hefur fyrir að félögum Blindrafélagsins hefur verið boðið á sýningar utan opnunartíma og hafa þá gefist tækifæri til að skoða hlutina mun betur og takा frá kaðla sem ætlaðir eru til að halda aftur af snertipörf sjáandi sýningargesta.

Að lýsa listaverki

Suma hluti er ekki hægt að skoða með höndunum og þeim verður að lýsa fyrir þeim blinda. Þá skiptir miklu máli að geta flokkað aðalatriðin frá

aukaatriðunum. Að byrja á því að lýsa aðalatriðunum en fara svo út í smáatriðin ef tími er til.

Að lýsa myndinni af Mónu Lísu getur endað skrautlega ef maður lýsir henni t.d. frá vinstra efta horni niður í hægra neðra hornið. Þá er maður búinn að lýsa heilmiklu landslagi áður en Móna kemur sjálf til sögunnar.

Upphleyptar eftirlíkingar

Dæmi eru um að útbúnar hafi verið upphleyptar útgáfur af málverkum. Í Helsinki eru til upphleyptar útgáfur af nokkrum málverkum sem til eru á Þjóðarlistasafninu. Verkunum fylgir snælda þar sem myndunum er lýst og þeim blæ sem því fylgir að skoða málverkin. Það er mikill vandi að útbúa svona svo vel sé en þetta tókst vel í Finnlandi.

Ég vona að grein þessi veki safnmenn til umhugsunar um aðgengi blindra og sjónskertra að söfnum. Ef spurningar vakna er hægt að hafa samband við mig á skrifstofu Blindrafélagsins í síma 525-0017.

Helga Einarsdóttir
helgae@rvik.ismennt.is

Á sama stað en samt að vera að ferðast

Söfn fyrir alla! Ég vil gjarnan ræða það við ykkur kæru safnamenn hvort ekki væri nú ráð að gera söfnin aðgengileg svo einmitt þeir sem helst þurfa á þeim að halda geti sótt þau.

Fyrir þá sem eru hreyfihamaðir eða af einhverjum ástæðum geta ekki lagst í ferðalög eru söfn algjör nauðsyn. Auk þess sem þau ættu að vera hluti af almennri grunnmenntun þjóðarinnar. Bókasafn er sjálfsagt það safn sem flestum dettur fyrst í hug og það safn sem hreyfihamaðir nota hvað mest, en ekki má heldur gleyma náttúrugripa- þjóðminja- og byggðasöfnum.

Pegar ég var lítt drengur fengum við bræðurnir að fara í 3-bíó annan hvern sunnudag, en hinn sunnudaginn fórum við ýmist á Þjóðminjasafnið eða í Náttúrugripasafnið við Hverfisgötu. Ég get ekki nógsmallega þakkað þá „menntun“ sem við fengum á þessum söfnum. Svo líða árin og skyndilega er maður kominn í hjólastól. Þeir sem til þekkja vita að annað safnið er flutt í „bráðabyrgðarhúsnæði“, en hitt er næstum jafn óaðgengilegt og það hefur alltaf verið, þrátt fyrir breytta tíma með auknum kröfum. Ég varð því ekki lítið glaður þegar ég frétti af Fræðasafninu í Sandgerði, þar skyldi allt miðið við að safnið nýttist öllum. Mikið rétt, sýningagripum er haganlega fyrirkomið, svo allir ættu að geta séð nær allt sem er til sýnis og salernisaðstaða er bærileg ef menn vilja dvelja nokkurn tíma í safninu. EN, nú verður að grípa til

upphrópana, safnið er á annarri hæð og pláss fyrir lyftu sem ekki er komin enn, drjúgu ári eftir að safnið var formlega opnað og þrátt fyrir að hér er um lögþrot að ræða.

Nú er rétt að staldra við og velta fyrir sér hverjum söfnin þjóna. Hvert safn gerir auðvitað upp við sig eftir sérsviði sínu hverjir gestir þess muni verða. Ég tel þó að einn hópur verði að vera með í hverju safni, en það eru blessuð börnin. Lang flestir skólar leggja metnað sinn í að kynna þau söfn sem barnið getur átt aðgang að og eru byggðasöfnin þá mjög mikilvæg. Barnið eða unglingsurinn þarf að þekkja bakgrunn sinn, hvernig forfeðurnir lifðu og störfuðu til að átta sig á eigin stöðu og möguleikum. Að þekkja náttúruna er ekki síður mikilvægt, að ekki sé talað um nú á tínum „náttúruverndarsamtaka“, umræðum um „sjálfbæra nýtingu náttúrunnar“ og síðast en ekki síst til að þekkja uppruna sinn, líkt og á byggðasöfnunum. Bókasöfnin eru svo sér kafli út af fyrir sig og tvímælalaust þau söfn sem hafa mesta og almennasta nýtingu. Þau eru líka lang flest orðin aðgengileg eða á leið að verða það.

Eldri borgarar landsins verða sífellt stærri hluti þjóðarinnar, auk þess sem verulega hreyfihömluðum einstaklingum fjölgar jafnt og þétt. Þessir tveir hópar verða æ meir áberandi og gera stöðugt meiri kröfur um bætt aðgengi. Kröfu um að eiga aðgang að öllum þeim byggingum eða stofnunum sem þjóna eiga öllum almenningu, auk þess sem það er aðeins á söfnum sem mikil hreyfihamaðir einstaklingar geta upplifað margt sem ófatlaður maður getur fundið uppi á reginfjöllum eða niður við sjávarborð í fjörunni, að ekki sé talað um afþreyingar og menntunargildið sem söfnin geta veitt öllum.

Byggðasafn sem byggist á gömlum aðflutnum húsum er auðvitað ekki eins fullkomlega aðgengilegt og nýtt hús gæti verið, en ef hægt er að koma við salerni aðgengilegu fólk i hjólstólum er það eitt og sér til mikilla bóta. Það er nefnilega svo mikilvægt að geta sinnt þessum frumpörfum og þurfa ekki að spana í gegnum safnið eða vera eins og hengdur uppá þráð meðan verið er að skoða, vegna ööryggis.

Sem betur fer eru alltaf fleiri söfn skipulögð og gert ráð fyrir að séu fyrir alla, en betur má ef duga skal. Einkanlega hættir mönnun í byggðalögum þar sem fáir fatlaðir eru á ferli að gleyma þessum hópi, en stöðugt eldri ferðamenn, ásamt þeirri kröfu að þeir sem fatlast vilja dvelja sem næst heimahögunum, gerir bætt aðgengi sífellt nauðsynlegra.

Nú vil ég fá að beina örðum mínum til þín kæri safnamaður og biðja þig að kanna hvort "þitt" safn er nægilega aðgengilegt.

Tróppur eru að sjálfsögðu augljós hindrun, en svo eru líka dyraopin. Til að stór og fyrirferðamikill hjólastóll komist í gegn þarf frítt op að vera 80 sm. Það sama gildir um rými milli sýningarborða eða bókarekka, þó í raun verði að vera enn meira pláss svo mögulegt sé að mæta manni í hjólastól. Próskuldar mega ekki vera hærrí en 2,5 sm ef viðkomandi á að geta fært sig um af eigin rammlieik. En síðast en ekki síst þarf salernisaðstaða að vera fyrir hendi og þar er eitt og annað að athuga.

Dyr mega aldrei opnast inná salernið því þá er hætta á að maður geti ekki lokað á eftir sér. Inni þarf að vera sæmilega rúmt því sumir þurfa aðstoð (og eru þá oftast með fylgdarmann), gott er að salerni sé nokkuð hátt og best er að hafa stoðir við salernið.

Með bestu kveðjum og ósk um að öll söfn verði ætluð öllum alla næstu öld, en þá þarf líka að fara að taka til hendinni. Allar nánari upplýsingar og ráðgjöf erum við fús að veita hjá Sjálfsbjörg, landsambandi fatlaðra í síma 552-9133.

Guðmundur Magnússon
formaður starfsnefndar Sjálfsbjargar um ferlimál.

Söfnun ljósmynda á Íslandi

Í upphafi er vert að þakka fyrir það framtak Ljósmyndaráfélagsins, að efna til þessa málþings. Vonandi verður framhald á slíku starfi á vegum félagsins. Þá vil ég nota tækifæríð og bjóða Ljósmyndaráfélaginu formlega í heimsókn á myndadeild Þjóðminjasafnsins, en þangað hafa alltof fáir ljósmyndrar lagt leið sína.

Ég held við getum öll verið sammála um, að ljósmyndun fær almennt ekki mikla umfjöllun hér á landi og gildir þá einu, hvort um er að ræða sögu greinarinnar, varðveislu ljósmyndaarfsins eða stöðu ljósmyndunar almennt.

Umræða er nauðsynleg til að meta stöðuna og koma nýjum hugmyndum á framfæri. Til þess að umræða verði á faglegu, en ekki tilfinningalegu plani, verður hún að byggjast á þekkingu. Því tel ég nauðsynlegt að byrja á því að fjalla stuttlega um sögu safnamála í landinu, til að skýra hvernig söfnun ljósmynda hefur þróast á því sviði hérlandis. Ég mun síðan gefa eins konar yfirlit um stöðu ljósmyndasöfnunar í dag, hvað söfn sinna ljósmyndasöfnun, hvað þau eiga og hverju þau safna.

I

Þjóðminjasafn Íslands var stofnað 1863. Framan af einbeittu starfsmenn þess sér að söfnun forngripa og kirkjugripa. Með tilkomu Matthíasar Þórðarsonar sem þjóðminjavarnar árið 1908 verður umtalsverð breyting á söfnunarstarfinu og líka á öllu innra skipulagi stofnunarinnar. Fram til þess hafði allt sem safnað var verið skráð í eitt safn, Forngripa- eða Fornmenjasafnið. Matthías víkkaði söfnunarsviðið, breytti heiti safnsins í Þjóðmenja-, síðar Þjóðminjasafn og innleiddi mörg sérsöfn, eins og t.d. myntsafn, þjóðfræðasafn, listiðnaðarsafn, steinaldarsafn, Vídalínssafn og Fiskesafn og í rauninni fleiri, sem tengdust ákvæðnum persónum eða gefendum. Sérsöfnin mynduðu sjálfstæðar heildir innan Þjóðminjasafnsins og til hliðar við þau var aðalsafnið, sem

hann nefndi Þjóðmenningarsafnið. Tilkoma sérsafnanna byggðist, eins og nöfn þeirra gefa til kynna, annaðhvort á ákveðnum efnisflokki eða á því að safnið var frá ákveðnum gefanda. Þau sérsöfn innan Þjóðminjasafnsins, sem hafa sérstaka þýðingu í sambandi við ljósmyndir, eru tvö: Mannamyndasafnið og Ljós- og prentmyndasafnið.

Mannamyndasafnið setti Matthías á stofn strax árið 1908 eða sama ár og hann hóf störf við Þjóðminjasafnið. Hann byrjaði á að endurskrá í það safn allar mannamyndir, sem skráðar höfðu verið í Fornmenjasafnið, og síðan hafa allar mannamyndir, hvernig sem þær eru gerðar, verið skráðar í safnið. Þar eru grafíkbloð, teikningar, vatnslitamyndir og málverk, en fyrst og fremst ljósmyndir og má áætla að þær séu allt að 95% af safninu, ef ekki meira. Í mannamyndasafninu eru nú um 45.000 myndir.

Ljós- og prentmyndasafnið á sér flóknari, og að sumu leyti óráðnari, sögu. Til þess að geta gert grein fyrir henni verður að huga að sögu Listasafns Íslands.

Listasafnið var stofnað með gjöf Björns Bjarnarsonar til þjóðarinnar árið 1885. Myndunum var komið fyrir í Alþingishúsinu, þar sem þær voru til sýnis fyrir almenning. Eitthvað bættist við safnið eftir frumgjöfina og voru það aðallega gjafamyndir. Enginn sérstakur starfsmaður var við Listasafnið og árið 1915 var það gert að deild eða sérsafni í Þjóðminjasafni Íslands. Þegar Listasafnið kom í Þjóðminjasafnið skráði Matthías það og skipti hann safninu niður í þrjá hluta: Málverkasafnið, Höggmyndasafnið og Prent- og ljósmyndasafnið. Samkvæmt skilgreiningu Stjórnarráðsins, í bréfi frá 1916, átti Listasafnið aðeins að skiptast í tvær deildir, þ.e. Málverkasafnið og Höggmyndasafnið. En Matthías bætir prent- og ljósmyndasafninu við að eigin frumkvæði. Í prent- og ljósmyndasafnið skráði hann graffíkmyndir og litprentanir einkum af listaverkum, en einnig ljósmyndir. Þar á meðal má nefna fimm handlitaðar ljósmyndir af íslensku landslagi eftir Magnús Ólafsson, sem ljósmyndarinn hafði gefið í Listasafnið 1907 og fimm íslenskar skógarþyndir, stækkanir Péturs Brynjólfssonar eftir frummyndum Kofoed-Hansen, skógræktarstjóra, en þær höfðu verið keyptar fyrir landsfé og faldar safninu til geymslu. Auk þess skráði Matthías ljósmyndir í eigu Alþingis í safnið, en það voru tvær myndir eftir Pétur Brynjólfsson, tengdar konungskomu 1907, önnur af ríkisþingmönnum og alþingismönnum fyrir framan hús konungs á Þingvöllum og hin af Friðriki 8. og Hannesi Hafstein á ferð upp Kamba, og að lokum tvær ljósmyndir eftir Peter Elfelt, konunglegan hirðljósmyndara í Kaupmannahöfn, og er önnur af alþingismönnum og ríkisþingmönnum í Kaupmannahöfn 1906, en hin af millilandaneftndinni.

Árið 1915 voru ljósmyndir skráðar í sérstakan hluta af Listasafni Íslands, sem nefndur var Prent- og ljósmyndasafn. Heitið snerist fljótlega við og varð Ljós- og prentmyndasafn og mun þar hafa ráðið, að ljósmyndirnar urðu fljótt ríkjandi í safninu. Meðan Matthías Þórðarson annaðið skráningu Ljós- og prentmyndasafnsins, eða til ársins 1937, var

það alltaf skráð sem hluti af Listasafninu. Það er ekki fyrr en nýr maður, Friðrik Brekkan, hefur störf við skráningu sérsafna á Þjóðminjasafninu árið 1946, sem skráning Ljós- og prentmyndasafnsins breytist og farið er að líta á það sem eitt af söfnum Þjóðminjasafnsins. Síðan hefur Þjóðminjasafnið sinnt söfnun ljósmynda í þau tvö söfn, sem nefnd hafa verið, Mannamyndasafnið og Ljós- og prentmyndasafnið, en auk þess hefur verið safnað filmu- og plötusöfnum ljósmyndara frá árinu 1915 og einnig póstkortum.

Listasafn Íslands var gert að sjálfstæðri deild á vegum Menntamálaráðs árið 1928 og var þá nefnt Listasafn ríkisins. Matthías Þórðarson var þó umsjónarmaður þess áfram allt til 1950. Listasafnið varð ekki sjálfstæð stofnun fyrr en árið 1961. Þá voru 98 ár liðin frá stofnun Þjóðminjasafnsins. Eftir að Listasafnið flutti úr Þjóðminjasafnshúsinu árið 1987 fór fram eins konar uppgjör á milli safnanna tveggja, þar sem Ljós- og prentmyndasafninu var skipt upp, og Listasafnið fékk í sinn hlut grafskýndir og fleira. Í því uppgjöri fór Listasafnið ekki fram á að fá neinar ljósmyndir í sinn hlut, ekki einu sinni þær sem Magnús Ólafsson gaf safninu árið 1907.

Önnur listasöfn landsins, sem eru aðeins á helstu þéttbýlisstöðunum, eru síðan enn yngri en Listasafn Íslands, og aðeins fá þeirra eru fullburða stofnanir með föstum starfsmanni. Ekkert þeirra hefur sinnt ljósmyndasöfnun og mér er ekki kunnugt um að neinar ljósmyndir, ef frá eru talin concept listaverk, séu varðveittar á listasöfnum hérlandis.

Það sama verður ekki sagt um byggða- og heráðsskjallasöfnin. Með tilkomu slíkra safna víða um landið upp úr 1950 hófu þau markvissa söfnun ljósmynda. Víðast hvar var óformlegt samkomulag um, hvor stofnunin sinnti myndasöfnun í heráðinu, þ.e. hvort það var heráðsskjallasafnið eða byggðasafnið.

Ljósmyndasafnið var stofnað sem hlutafélag árið 1981 af nokkrum einstaklingum í Reykjavík og varð fljóttlega annað stærsta ljósmyndasafn landsins. Ljósmyndasafnið varð síðan að Ljósmyndasafni Reykjavíkurborgar, þegar Reykjavíkurborg tók við rekstri þess. Ljósmyndasafnið hefur sérstöðu meðal íslenskra ljósmyndasafna, vegna þess að þau filmusöfn, sem afhent eru safninu, eru ekki afhent því að gjöf, heldur aðeins lögð inn með tímabundnum samningum, sem eru uppseiganlegir af hálfu eigenda myndasafnanna. Þannig starfar safnið í raun á líkán hátt og ljósmyndaskrifstofur erlendis (e. photo agency, sæ. bildbyrá, d. bildbureau).

Petta yfirlit er nauðsynlegt til að skýra hvers vegna söfnun ljósmynda hefur þróast á þann veg, að minjasöfnin hafa sérhæft sig í varðveislu þeirra, og gildir þá einu út frá hvaða forsendu myndinni er safnað hvort það er fyrir heimildagildi hennar, sögulegt gildi eða listrænt gildi.

II

Það er ranghermt í ávarpi formanns Ljósmyndafélagsins í sýningarskrá fyrir 70 ára afmælissýningu félagsins, að þrjú söfn sinni ljósmyndasöfnun á Íslandi í dag. Þau eru snöggtum fleiri. Mér telst til, að þau séu 25 talsins og dreifð um allt land.

Það er rétt að nefna þau stærstu og geta þess um leið, hversu stórvíðkomandi söfn eru:

þjóðminjasafn Íslands	1.500.000 plötur, filmur og myndir
Ljósmyndasafn Reykjavíkurborgar	1.200.000 filmur og plötur. Áætluð tala.
Minjasafnið á Akureyri	127.000 plötur, filmur og myndir
Héraðsskjalasafnið á Ísafirði	66.500 plötur og filmur
Byggðasafnið í Keflavík	55.000 filmur og myndir
Byggðasafn Hafnarfjarðar	um 45.000 plötur, filmur og myndir.
Árbæjarsafn	45.000 myndir og filmur
Héraðsskjalasafn Skagfirðinga, Sauðárkrúki	15-16.000 myndir og filmur
Héraðsskjalasafn Austur-Húnvetninga, Blönduósi	15.400
Byggðasafn Vestmannaeyja	13.000 plötur og myndir
Safnahúsið á Húsavík	9.000 plötur og myndir

Á níu af þessum ellefu söfnum eru varðveitt plötu- og filmusöfn frá atvinnuljósmyndurum, sums staðar bara frá einum ljósmyndara, en annars staðar frá fleirum.

Fyrir utan þessi tíu söfn eru 14 önnur byggða- og skjalasöfn, sem sinna ljósmyndasöfnun, og má áætla að þar séu varðveittar rúmlega 50.000 filmur og myndir.

Í heild erum við því að tala um þrjár milljónir eitthundrað og fimmti þúsund myndir. Til samanburðar má nefna, að í Imperial War Museum í London eru fimm milljónir mynda og 24 starfsmenn. Stærsta menningarsögulega myndasafnið í Noregi er með 812.000 myndir. Í norsku menningarsögulegum söfnum eru 42 milljón myndir. Í slíkum samanburði verða rúmar þrjár milljónir smáraði.

Og úr því að verið er að nefna tölur. Hvað halddið þið, að séu mörg skráð listaverk í Listasafni Íslands? Innan við 7000 auk 3000 verka í safni Ásgríms Jónssonar. Ekkert segir okkur betur en þessar tölur, hver er eðlismunur Listasafnsins og myndadeildar þjóðminjasafns. Tíu þúsund og ein og hálf milljón.

Hins vegar vefst fyrir okkur að annast þessar myndir. Þar ber auðvitað fyrst að nefna, að aðeins fjögur þessara minjasafna hafa sérstaka starfsmenn, sem sinna eingöngu myndasöfnunum, þ.e. Þjóðminjasafnið, Ljósmyndasafn Reykjavíkur, Minjasafnið á Akureyri og Árbæjarsafn. Hjá öðrum söfnum er umsjón með myndasöfnunum aðeins hluti af starfsskyldu safnvarða.

Hjá mörgum þessara safna, sérstaklega þeim sem varðveita minni myndasöfnin, er vistun og skráning mynda og platna til fyrirmynadar. Annars staðar, og sérstaklega á stærri söfnunum, bíða óþrjótandi verkefni, bæði í vistun og skráningu, forvörslu og rannsóknunum.

Kjarninn af þessu myndefni er tekinn af atvinnuljósmyndurum, en söfn áhugamanna eru helsti vaxtarbroddurinn í starfinu, þar sem virkri söfnun er sinnt.

Það eru sem sagt byggðasöfn landsins sem hafa tryggt varðveislu ljósmyndaarfsins, hvort sem íslenskum ljósmyndurum líkar það betur eða verr. Fyrir það tel ég að þau eigi heiður skilinn, því kjarninn af þessum byggðasöfnum hefur fram undir þetta verið rekinn áfram af hugsjónafólki, af fullkominni óeigingirni og án nokkurrar umbunar í formi launa eða annarrar viðurkenningar.

III

Nú fer því fjarri að þar með sé hægt að lýsa því yfir, að staða ljósmyndarinnar á íslenskum minjasöfnum sé eitthvað til að hrópa húrra fyrir. Engum ætti að vera ljósara en þeim, sem á slíkum söfnum vinna, að þar eru verkefni óandanleg. Í innra starfi við varðveisluþáttinn, eins og vistun á myndum og plötum, í rannsóknum á sviði forvörslu, en eina ítarlega úttektin á plötusafni, sem hér hefur verið gerð, var gerð af Maríu Karen Sigurðardóttur, forverði, á safni Kaldals og sýndi að þar eru innbyggð öfl að vinna að eyðingu safnsins. Verkefnin í skráningu eru líka óyfirlígt miðað við starfsmannafjölda. Að ógleymdu rannsóknum á íslenskri ljósmyndasögu.

Það sem er samt brýnast er stóraukin kynning á þessum þætti menningarárfsins. Aukið sýningarhald og útgáfustarf er forsenda fyrir aukinni viðurkenningu á íslenskri ljósmyndun. Um leið er það forsenda fyrir auknum skilningi á því, að það kostar peninga að varðveita ljósmyndir og að þeim fjármunum sé vel varið.

Ljósmyndarar hafa nýlega komið fram með þá hugmynd, í bréfi til borgarstjórans í Reykjavík, að stefna beri að stofnun Ljósmyndasafns Íslands. Þetta er áréttar að formanni Ljósmyndarafélagsins í ávarpsorðum í sýningarskrá þessarar afmælissýningar. Ljósmyndasafn Íslands verður ekki til af engu. Skilyrði þess er, að þeir sem ráða yfir tveim stærstu ljósmyndasöfnum landsins, ríki og borg, hafi þá framsýni til að bera að sameina þessi tvö söfn.

Þetta er þó ekki með öllu ný hugmynd. Fyrst til að koma fram opinberlega með ábendingu um að sameina ljósmyndasöfnin í Reykjavík var Ragnhildur Vigfúsdóttir, sagn- og safnfræðingur, í erindi sem hún

flutti á ráðstefnu um menningarmál í Ráðhúsi Reykjavíkur í byrjun árs 1995. Hún sagði þar m.a.:

„Framtíðarsýnin hlýtur að vera, að landsmenn eignist eitt gott Ljósmyndasafn Íslands, þar sem myndadeild Þjóðminjasafnsins, Ljósmyndasafn Reykjavíkurborgar, Myndadeild Árbæjarsafns og Borgarskjalsafns, ásamt öðrum sérsofnum, væru á sama stað og skráð eftir sama kerfi. Það þarf ekki að nefna hvílisk hagræðing það væri fyrir viðskiptavini þessara safna, sem þurfa nú að leita að ljósmyndum út um borg og bý. Slíkt safn gæti staðið fyrir frábærum sýningum, gefið út ljósmyndabækur og veitt alhliða ljósmyndaþjónustu.“

Ávinnungurinn af nýju ljósmyndasafni gæti orðið mikill. Meðal þess sem ynnist væri möguleiki á því að ráða séraeft starfslið, t.d. í forvörlu ljósmynda. En miðað við þá niðurskurðarstefnu, sem einkennir rekstur stóru ljósmyndasafnanna tveggja, eru litlar líkur á ráðningu slískra sérfræðinga. Eins og þetta er nú, er t.d. söfnum nokkurra ljósmyndara skipt milli beggja safnanna og þarf ekki að lýsa hvaða skynsemi er í því. Í fyllingu tímans munu litfilmur koma í auknum mæli inn á söfnin og þá þarf að koma upp kæligeymslu fyrir þær. Er vit í því að koma upp tveimur slíkum geymslum á Reykjavíkursvæðinu?

Á tínum hagræðingar og sameiningar á öllum sviðum er ekkert sem mælir gegn því, að sameina myndadeild Þjóðminjasafns og Ljósmyndasafn Reykjavíkurborgar. Vilji er allt sem þarf.

En það sem söfnin bæði vantart mest, hvort heldur þau verða sameinuð eða starfa áfram aðskilin, eru áhugamenn um starfsemi þeirra, vöxt og viðgang. Eftir þeim áhugamönnum lýsi ég hér með.

Inga Lára Baldvinssdóttir.
Erindi flutt á málþingi Ljósmyndarafélags Íslands
um ljósmyndun og söfn í Gerðarsafni 27. nóvember 1996.

Söfn á alnetinu

Hér kemur lítil saga af því hvernig alnetið (internet) kemur við sögu lítilla safna. Í lok októbers á síðasta ári, fór undirritaður á „netflakk“. Ekki var fyrir að fara neinni þekkingu á öllum þeim afkimum sem á alnetinu leynast, heldur voru skoðaðar slóðir sem vinir og kunningjar höfðu látið í té, auk lista með slóðum sem finna má t.d. í fréttabréfum eins og „Nytt om Fotobevaring“.

Eftir að hafa slegið inn slóð að forvitnilegri heimasíðu í Noregi, kom í ljós að þarna höfðu ungi menn stofnað lítið safn með um 40 módelum af þýskum flugvélum sem voru eftirlíkingar vélá sem höfðu verið í Noregi á stríðsárunum. Eftir fimm ára vinnu við módelin var safnið opnað 1995, en þessir ungu menn vildu útvíkka safnið og bjóða fólk í heimi að kynnast því sem í boði væri og að koma á framfæri

einhverjum af þeim fjölda heimilda sem safnast höfðu hjá þeim við rannsóknir þær sem voru grunnurinn að safninu. Undirritaður skoðaði heimasíðu þeirra og var hún ekki flókin að uppyggingu en fyrir þá sem áhuga hafa á þýskum flugvélum í Noregi á stríðsárunum er síðan skemmtileg og fræðandi.

Það sem mér finnst fræðandi við þessa sögu er að þarna eru menn búnir að opna fyrir þann möguleika að fólk, sem hefur áhuga á þróngu sviði sagnfræði hvar sem það erstatt getur komið í heimsókn og skipst á skoðunum og upplýsingum eins og krafist er af söfnum okkar í dag. Vel má brýna safnafólk til þess að taka sér þessa menn sér til fyrirmynnar, hverjum á sinn hátt eftir getu og sérsviðum. Því söfn erlendis líta á það sem skildu sína að þjóna þessum markaði eins og skólahópum eða ferðaskrifstofum.

En áður en það verður hér á landi þarf safnamönnum að verða ljóst að alnetið er ekki leikfang eða einungis opið fyrir tölvuséni, heldur ligga þar margvíslegir möguleikar sem ekki eru allir fyrirsjáanlegir í dag. Alnetið er í hugum margra bákn sem vekur óþryggi, en hægt er að losna við þá tilfinningu með því að reyna sjálfur fyrir sér á netinu. Hér á eftir koma nokkrar tillögur sem tilvalið er að nota sem prufu og vonandi sjá hversu lítið mál þetta er.

Sem dæmi um söfn á alnetinu eru eftirfarandi slóðir sem gaman er að skoða, til þess að sjá hvað aðrir eru að gera viðsvegar um heim.

Galleri Nor - <http://www.nbr.no/galnor>

Gaman er að skoða þessa heimasíðu fyrir þá sem vilja sjá hvað Norðmenn eru að gera í tölvuskráningu á ljósmyndum. Þegar undirritaður skoðaði þetta safn þá var hægt að leita í rúmlega 25.000 myndum, frá Norsk Folkemuseum.

Fredrikstad Museum - <http://www.hiof.no/fredrikstad-museum/>
Heimasíða safns sem gaman er að skoða.

Danmarks Nationalmuseum -
<http://www.natmus.dk/cons/home.htm>
Heimasíða Danska Þjóðminjasafnsins.

The Archive of Modern Conflict -
<http://www.atlas.co.uk/amc/info.html>

California Museum of Photography -
<http://www.cmp.ucr.edu/>
Hér er helst að finna ljósmyndir sem taldar eru listaverk.

International Directory of Photography -
<http://www.rit.edu/~andpph/hpg.html>

Hér er um að ræða alþjóðlegan samkomustað um sagnfræðiljósmyndun, þar sem er að finna upplýsingar um ráðstefnur á alnetinu um sagnfræðiljósmyndun, auk lista yfir fræðimenn á þessu sviði, sérsvið þeirra og netföng, þannig að hægt er að komast í persónulegt samband við þá.

Zonezero - <http://zonezero.com/default.html>
Heimasíða með samtíðaljósmyndum og fréttamyndum.

Þessar tvær heimasiður er einnig forvitnilegt að heimsækja, annars vegar

Guide to Museums and Cultural Resources -
<http://www.lam.mus.ca.us/webmuseums/about.html>
og hins vegar

Canadian Museum of Civilization -
<http://www.cmcc.muse.digital.ca/>

Alnetið er góð leið til þess að láta sýningar ná til fleira fólks víða um heim og ekki síst til þess að miðla öðru safnafólki af reynslu sinni. Nokkur dæmi um það má finna á:

Greek World Virtual Exhibit -
http://www.museum.upenn.edu/Greek_World/Intro.html

Exhibits On-line -
<http://fas-www.harvard.edu/~peabody/maria/index.html>

Að lokum er hér slóð flugmódel safnsins í Bergen og getið var hér að framan.

SIG-Luftwaffe - <http://home.sol.no/odybvig>

Góða skemmtun á netflakki!

Hörður Geirsson.

Alnetstengingar

Hér á eftir fara nokkur dæmi um það hvað kostar að notfæra sér alnetið. Hringt var í tvö fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu og þau beðin um að veita upplýsingar um þjónustu og kostnað. Það skal tekið fram að fyrirtækin sem veita þjónustu af þessu tagi eru mun fleiri, bæði á höfuðborgarsvæðinu og úti á landsbyggðinni. Fólkí utan höfuðborgarinnar er bent á að afla upplýsinga hjá netþjónustufyrirtækjunum á sínu svæði og spryjast fyrir um kostnaðinn. Einnig skal lesendum bent á að hafa samband við fyrirtækin til að fá frekari upplýsingar um einstök atriði þjónustunnar.

Til þess að geta nýtt sér alnetið þarf tölvu, mótað og símalínu (hægt er að nota sömu línu og fyrir heimilis- / vinnusíma).

Alnetstengingar við Skímu

Ekkert stofngjald og ekki er greitt fyrir mánuðinn sem tengst er í. Fyrir áskrift fá viðskiptavinir; 28.800 bps (baud) aðgang að alnetinu, PPP tengingu, <=10 notendur/mótald, vistun á 1 MB af heimasiðum, skráningu

í póstfangaskrá, aðgang að Inmarsat (ef óskað er), aðgang að veraldarvefnum (WWW), News þjónustu, IRQ þjónustu, Tölvupóstþjónustu, Proxy þjónustu, FTP þjónustu, Telnet þjónustu, eigin IP tölur (ef óskað er) og 128 kbps tengingu við INTIS.

Kostnaðurinn er sem hér segir: ISDN (háhraðanet) 2.490 kr/mán (innheimt ársfjórðungslega). Gíró 1.868 kr/mán (innheimt ársfjórðungslega). Kort 1.743 kr/mán (innheimt mánaðarlega). Ár 14.940 kr/ár (árs áskrift).

Alnetstengingar við Nýherja

Stofngjald fyrir nýja áskrifendur er kr. 950,- og breytingagjald er kr. 490,- en það greiðist ef breyta þarf greiðslumáta, notandanafni eða annarri skráningu á notanda. Nýverið var tekin upp ný gjaldskrá sem býður upp á meiri sveigjanleika en áður og skilar það sér í lægri gjöldum fyrir þá sem eru undir meðalnotkun og gerir þeim sem þurfa mörg netföng kleyft að bæta þeim við með litlum viðbótarcostnaði.

Gjaldskráin er svohljóðandi (öll verð eru með vsk.): 1. netfang: kr. 695,-. Mínútgjald: kr. 1,19 fyrir 28,8 kb upphringisamband kr. 2,39 fyrir ISDN samband. Þar sem innheimt er fyrir notkun eftir á, er af skiljanlegum ástæðum einungis boðið upp á þennan gjaldflokk fyrir þá sem greiða með greiðslukorti eða eru á viðskiptamannaskrá Nýherja. Því býður Nýherji einnig upp á fast gjald eitthvað áfram og er það sem hér segir: VISA/EURO/Viðskiptamannaskrá kr. 1,990. Greitt með gíroseðli, kr. 2,200.

Frá og með 10. október hefur verið hægt að fletta upp á notkun sinni á alnetstengingunni á einfaldan hátt á Vefnum. Það er hægt með því að heimsækja heimasíðu Nýherja og fara á upplýsingasíður fyrir notendur eða einfaldlega með því að slá inn veffangið <http://www.nyherji.is/internet/notkun.html> þar sem notendur geta síðan slegið inn notandanafn sitt, sem lykilord og fengið þar einfalda sundurliðun á tengitíma sínum. Þar sem ekki var boðið upp á þennan möguleika fyrr en 10. október, er af skiljanlegum orsökum ekki hægt að fletta aftar en að byrjun þess mánaðar.

Mikið hefur verið spurt um kostnað við að hafa aukanetföng fyrir t.d. aðra fjölskyldumeðlimi, sér netfang fyrir vinnu/heimili eða netfang fyrir hvern starfsmann fyrirtækis o.s.frv. en það hefur hingað til kostnað viðbótaráskriftargjald. Nú geta hins vegar allir fjölskyldumeðlimir eða starfsmenn fyrirtækis haft hver sitt netfang með litlum aukakostnaði.

Verðdæmi fyrir 3ja manna fjölskyldu þar sem hver hefur sitt netfang: 3 netföng kr. 2085, 15 klst. notkun kr. 714,- Samtals kr. 2.799,- (í stað 5370 áður). Verðdæmi fyrir fyrirtæki með 10 starfsmenn : 10 netföng kr. 6.950,-, 40. klst. notkun kr. 2.865,- (2. klst. á dag, virka daga). Samtals kr. 9.806,- (í stað 15.800,- áður).

ICOM á alnetinu

ICOM býður upp á two tölvupóstlista þar sem málefni samtakanna eru rædd: annars vegar ICOM-Accord og hins vegar ICOM-L. Á fyrri listanum er að finna tilkynningar um formlegt starf samtakanna og á þeim seinni er að finna hvað eina sem samtökin láta sig varða.

Þeir sem vilja koma tilkynningum eða fréttum s.s. til safna úti um heim, geta notfært sér þessa two tölvupóstlista. Til þess að fá frekari upplýsingar sendið tölvupóst til: LISTSER@HOME.EASE.LSOFT.COM Setjið ekki neitt í Subject-línuna, en í textanum á að vera skrifað annað hvort; INFO ICOM-ANNOUNCE eða INFO ICOM-L.

Einnig má fá frekari upplýsingar á slóð samtakanna og er hún: <http://www.icom.org/>. Þar má meðal annars finna vefsíður/heimasíður safna út um allan heim. Til að komast beint að þeim upplýsingum skal slá inn <http://www.icom.org/vlmp/>

sbh.

Netföng starfsfólks Þjóðminjasafns Íslands

Í síðasta fréttabréfi lýsti Guðmundur Ólafsson fyrir okkur netvæðingu Þjóðminjasafnsins. Í kjölfar þess hafa starfsmenn þess fengið netföng sem eru eftirfarandi:

Lilja Árnadóttir - lilja@natmus.is
Halldóra Ásgeirs dóttir - halldora@natmus.is
Inga Lára Baldvinsdóttir - ibaldvin@natmus.is
Sigurður Bergsteinsson - sigurdur@natmus.is
Árni Björnsson - arnibj@natmus.is
Ívar Brynjólfsson - ivabry@natmus.is
Bjarni F. Einarsson - bjarni@natmus.is
Gróa Finnsdóttir - groa@natmus.is
Ágúst Georgs - aog@natmus.is
Hallgerður Gísladóttir - halla@natmus.is
Margrét Gísladóttir - margretg@natmus.is
Guðrún Fjóla Granz - gudrunfj@natmus.is
Árni Guðmundsson - arnigu@natmus.is
Garðar Guðmundsson - gardar@natmus.is
Eygló Gunnarsdóttir - eyglog@natmus.is
Sigurborg Hilmarsdóttir - shilmars@natmus.is
Frosti Jóhannsson - fjohanns@natmus.is
Þóra Kristjánsdóttir - thorak@natmus.is

Kristinn Magnússon - kristinn@natmus.is
Þór Magnússon - thor@natmus.is
Helga Sigurðardóttir - helgap@natmus.is
Magnús Skúlason -mskulason@natmus.is

Norrænt safnaár 1997

Á aðalfundi safnmannafélagsins nýverið var skipuð nefnd sem ætlað er að fylgja úr hlaði hugmyndum um norrænt safnár 1997. Í nefndinni eru einn úr hverjum landsfjórðungi, þ.e. Sigrún Ásta Jónsdóttir í Stykkishólmi, Örlygur Kristfinnsson á Siglufirði, Guðrún Kristinsdóttir á Egilsstöðum og Þóra Kristjánsdóttir í Reykjavík. Nefndin hefur haldið nokkrar símafundir og viðrað ýmsar hugmyndir.

Norræna félagið veitir styrki úr verkefnasjóði Nordliv á Íslandi og veitir starfsmaður verkefnisins, Hrafnhildur Jósefsdóttir á skrifstofu Norræna félagins í Reykjavík, allar nánari upplýsingar.

Barna er kjörið tækifæri til þess að vinna áhugaverð verkefni sem auðgað geta byggðasögu viðkomandi safna. Má hér benda á verkefni/sýningar um hvalveiðar Norðmanna við Ísland, síldveiðar Norðmanna og Svía, verslun, um ákveðna erlenda athafnamenn sem sett hafa svip sinn á atvinnulífið, ræktunarnýjungar, skrúðgarðyrkjum, skógrækt, innflutning hreindýranna, byggingahefð og innflutning húsa svo eitthvað sé talið. Ótalmög verkefni virðast kjörin fyrir íslensk söfn í tengslum við þetta norræna verkefni.

Til þess að hvetja menn frekar til dáða segjum við hér frá viðbrögðum safnstjórans á Siglufirði:

Síldarminjasafnið á Siglufirði sótti nú á haustdögum um styrk úr verkefnasjóðnum til þess að setja upp sýningu um þátt Norðmanna og annarra Norðurlandabjóða í síldarútgerð á Íslandi og viðskipti Íslendinga og þessara þjóða með síldarafurðir. Búið er að gera verkáætlun, og er gert ráð fyrir að afla gagna í janúar og febrúar. Í mars og apríl verður sýningaráhugmyndin útfærð nánar, gripir ákveðnir og gengið frá ljósmyndum og texta til prentunar, og þess svo vænst að sýningin verði tilbúin í sumarbyrjun. Ef vel tekst til getur þessi sýning orðið verðmætur grunnur fyrir fastasýningu síldarminjasafnsins. Gert er ráð fyrir stuttu yfirliti yfir síldarútveg Norðmanna fyrr og síðar og sérstaklega sögu síldveiða og síldarvinnslu á Íslandi. Sagt frá helstu útgerðarmönnum og uppruna þeirra, hvar þeir settust að og mannvirkjum þeirra. Þá verður gerð grein fyrir margvíslegum áhrifum, félagslegum og öðrum; ný orð komust inn í málið með nýrri tækni, ný verkfæri og heiti þeirra, reist norsk sjómannaheimili, sjúkraskýli; könnuð verða sjómannalög og dansar, tengsl við skíðaspróttina, og fleira. Viðskiptunum verður einnig gerð skil:

hvað var flutt inn, hvað út, og hvert. Umsókninni fylgdi sundurliðuð kostnaðaráætlun og ítarleg vinnuáætlun.

Nefndin vill hér með hvetja safnstjóra að nýta þetta tækifæri, og nota næstu mánuði til undirbúnings. Umsóknarfrestur um styrk er til 1. mars 1997, og eins og fyrr sagði veitir Hrafnhildur Jósefsdóttir allar nánari upplýsingar og ráðgjöf eftir því sem tök eru á.

Póra Kristjánsdóttir.

Nordliv styrkur - Norrænt safnaár 1997

Nýlega hefur Norræna félagið á Íslandi sent öllum byggða- og héraðsskjalasöfnum bréf bar sem auglýstur er styrkur til safnanna úr verkefnasjóði Nordliv á Íslandi. Styrkurinn er ætlaður til verkefna sem koma til framkvæmda 1997 og eru tengd norrænni sögu, norrænum tengslum og áhrifum í nánasta umhverfi.

Safnmönnum er bent á að lesa vel umrætt bréf og hefjast þegar handa við að skipuleggja spennandi verkefni. Sérstaklega eru söfnin hvött til að leita samstarfs við aðra aðila heima í héraði s.s. önnur söfn, skóla og/eða deildir Norræna félagsins.

Allar nánari upplýsingar veitir verkefnistjóri Nordliv á skrifstofu Norræna félagsins að Bröttugötu 3B, 101 Reykjavík. Sími 551-0165. Bréfsími: 562-8296. **Umsóknarfrestur er til 1. mars 1997.**

Hrafnhildur Jósefsdóttir.

Nafnarugl

Af einhverjum ástæðum hefur komist á kreik misskilningur varðandi nafn safns Eyfirðinga á Akureyri, en það heitir **Minjasafnið á Akureyri**, ekki Minjasafn Akureyrar, á þessu tvemnu er reginmunur, safnið er nefnilega safn allra Eyfirðinga, sem hefur aðsetur sitt á Akureyri.

Nú erum við hér á **Minjasafninu á Akureyri** orðin langþreytt á því að fá stöðugt bréf og aðrar sendingar, iðulega frá öðrum söfnum, þar sem rangt er farið með nafn safnsins. Steininn tók þó úr þegar það gerist bæði á félagsskírteinum og í félagatali FÍS.

Ennfremur vil ég af marggefnu tilefni koma því á framfæri að föðurnafn mitt er Gunnarsdóttir, **ekki Guðmundsdóttir**, en það virðist til dæmis Bjarni F. Einarsson halda samkvæmt grein sem hann ritar í 3. tölublað fréttabréfs á þessu ári. Því miður er hann ekki einn um þennan misskilning.


Ég bið alla safnmenn að taka þessar athugasemdir til greina, því framvegis mun ég endursenda öll bréf þar sem rangt er farið með mitt nafn eða nafn safnsins.

Guðný Gerður Gunnarsdóttir.


Myndir úr Farskóla safnmanna 1995



Farskólamenn hlýða á fyrirlestur. Talið f.v. Mjöll Snæsdóttir, Jóhann Friðfinnsson, Hrefna Róbertsdóttir, Hanna Rósa Sveinsdóttir, Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Júlíana Gottskálksdóttir. Í baksýn t.f.v. Guðmundur Guðmarsson, Örn Erlendsson, Nikulás Úlfar Másson, Margrét Hallgrímsdóttir og Margrét Jónasdóttir.



Fyrir miðri mynd eru þær Margrét Gísladóttir og Þóra Kristjánsdóttir.



Á myndinni t.f.v. Geir Hólm, Halldór Sigurðsson, Guttormur Jónsson, Hjörleifur Stefánsson, Lýður Pálsson, Þór Magnússon, Hallgrímur Helgason, Þóra Guðmundsdóttir, Möll Snæsdóttir, Jóhann Friðfinnsson, Guðmundur Guðmarsson, Hanna Rósa Sveinsdóttir, og Guðný Gerður Gunnarsdóttir.



Glaðbeittar á raunastund! F.v. Sigríður Sigurðardóttir, Mjöll Snæsdóttir og Lilja Árnadóttir.
Myndirnar tók Sigríður Sigurðardóttir, konungl. hirðljósmyndari.

Myndir úr Farskóla safnmannna 1996



Í heimsókn hjá Jósaft Hinrikssyni. Talið frá vinstri: Hörður Geirsson, Jósaft Hinriksson, Hallgerður Gísladóttir, Þóra Guðmundsdóttir og Jóna Símonía Bjarnadóttir.



Hádegismatur í Perlunni.



Páttakendur í Farskóla safnmanna 1996.

Eitt og annað gagnlegt

Frá Norrænu upplýsingaskrifstofunni

Ráðstefna - „Jemtsk-Trondsk Historikermote 17. - 19. mai 1997 I Trondheim. Trondhjems Historiske Forening, Sammenmnda for Lokahistorie I Nidaros bispedomme og Trondheim lokallag av Foreningen Norden I samarbeid med Heimbygda Historiekomit  og Foreningen Norden I  stersund inviterer til JEMTSK-TRONDSK HISTORIKERMOTE.“

Dagskr  (erindi).

Laugardaginn 17. ma 

17.00 "Trondelag Folkemuseum: Temaomvisning om norsk-svenske felleslementer I folkekunst og byggekunst."

Sunnudagur 18. ma 

10.00 Ola Stein Stugu: Landsdelshovedstad - men hvor stor en landsdel?

11.00 Jan Lindgren: Trondheim som landsdelshovedstad ogsaa for Jemtland?

13.30 Anders Kirkhusmo: Drommen om Trondheim som Nordens Hamburg, og forsokene p a svensk-norsk samarbeid over grensen I de forste etterkrigsaarene.

14.30 Svenbj rn Kilander: Samarbeid fra jemtsk side?

16.00 Steinar Supphellen: Det jemtsk-svenske innslag I innvandringa til Trondheim p a 1600-og 1700-talet.

17.00 Det jemtsk-svenske innslag I innvandringa til Trondheim, svensk kommentar.

M nudagur 19. ma 

10.00 Ida Bull: Trondheimsborgerskapet p a 1700-talet; mellom byens oppland og det internasjonale nettverk.

11.00 Kommentar av Lars G ran Tedebrand.

12.00 Jorn Sandnes: Sluttd r fra hovedredaktoren for byhistorieverket.

15.00 Heims kn   Mi aldarsafni .

Frekari uppl ysingar um r  stefnuna f st me  þv i a  skrifa „Jemtsk-Trondsk historikermote, Historisk institutt, NTNU, 7055 Dragvoll, Norge.“

R  stefnur/fundir

St  ra ranns kna   svi i  tj  ndu aldar fr   a. 8. febr  ar kl. 13.00 - 16.30 i fyrilestrarsal Hbs/Lbs. Ver  a flutt sex erindi um st  du ranns kna   svi i  tj  ndu alda fr   a og   lokin ver  a pallbor  sumr  d. Fundurinn er  llum opinn.

Network - notwork? Nya samarbetsmodeller och finansieringsformer inom kultursektorn. Seminarium p a Hanaholmens kulturcentrum. 10.-11. febr  ar 1997. Upply singar gefur Hanaholmens kulturcentrum, FIN-02100 Exbo, Finland. Fax: +358-(0)9-467291.

The Interface between science and conservation. 3.-5. april 1997. Hafi  samband vi  Sara Carroll, Dept. of Conservation/British Museum, Great Russell Street, London WC1B 3DG, England. Fax: +44-171-323-8636.

Institute of paper conservation - 4th. international conference. 6.9.april 1997. Hafi  samband vi  Conference Seretaria, IPC int. conf., Index Communication Meeting Services, P.O.Box 79, Romsey, Hampshire SO51 0ZH, England. Fax: +44-1794-511-455.

Industrial collections: care and conservation. 9.-11. april 1997. Hafi  samband vi  Diane Dollery, National Museum of Wales, Cathays Park, Cardiff CF1 3NP, England. Fax: +44-1222-667-320.

Conservation: a developing science. 21.-25. april 1997. Hafi  samband vi  Francoise Flider/Sibylle Monod, ARSAG, 36, rue Geoffroy-Saint-Hilaire F-75005, Paris, Frakkland. Fax: +33 (1) 4707-6295.

Íslenska sögubingið 28. - 31. maí 1997. Óllum opíð. Upplýsingar gefur m.a. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands.

Structural repairs and maintenance of historic buildings (STREMAH) 25. -27. júní 1997. Hafið samband við Sue Owen, Wessex Institute of Technology, Ashurst Lodge, Ashurst, Southampton SO40 7AA, England. Fax: +44 1703-292-853. Netfang: sue@wessex.witcmi.ac.uk. Vefsíðusíða: <http://www.witcmi.ac.uk>.

Fabric of exhibition: an interdisciplinary approach. 22.-25. september 1997. Hafið samband við Michaela Keyserlingk, Symposium 97, CCI, Dept. of Canadian Heritage, 1030 Innes Road, Ottawa K1A 0M5, Kanada. Fax: +1-(613)-998-4721. Netfang: elakeyserling@pch.gc.ca.

Nýjar bækur/skýrslur/greinar

Árni Björnson. 1996. *Merkisdagar á mannsævinni*. Reykjavík: Mál og menning.

Anna Lísa Guðmundsdóttir. *Fornleifaftirlit á lóð Hæstaréttar og Safnahúss*. Árbæjarsafn. Rv. 1996.

Helgi M. Sigurðsson. 1996. „Minjar og ferðamennska. Þjóðararfur á sölutorg?” *Ný Saga* 8:79-90.

Johannessen, Finn Erhard og Jon Skeie. 1996. *Bitre piller og sterke draaper: Norske apotek gjennom 400 år 1595-1995*. Norsk Farmasihistorisk Museum. Bókin samanstendur af fjórum þessum: „Apotekerne og deres haandverk”, „Legemidlene utvikling”, „Kunnskap og overtro” og lokks „Politikk og næringsregulering”. Frekari upplýsingar fást með því að senda fax +47-22065201.

Páll Heinisson. 1996. *Upplýsingalögin. Kennslurit*. Reykavík: Forsætisráðuneytið.

Upplýsingalögin ásamt greinargerð. 1996. Reykavík Forsætisráðuneytið. (Hér er m.a. fjallað um aðgang að gögnum eftir að þau hafa verið afhent söfnum).

Annað


NET er fréttabréf gefið út af The European Network of Ethnography and Social History Museums. Fulltrúi Íslands í þessum samþökum er Hallgerður Gísladóttir á Þjóðminjasafni Íslands og gefur hún frekari upplýsingar um starfsemina.

Svenska safmannafélagið (Svenska museiföreningen) hefur sett upp eigin heimasíðu: <http://www.algonet.se/~freja>.

Á síðasta ári gaf UNESCO út skýrslu er fjallar um menningarmál í alþjóðlegu samhengi; menning og siðferði, menning og frumbyggjar, menning og fjölmörlar, menning og kyn, menning og ungt folk, menning og menningararfur, menning og umhverfismál, og þannig mætti lengi telja. Skýrslan nefnist Our Creative Diversity: Report of the World Commission on Culture and Development. Frekari upplýsingar er hægt að fá hjá Menntamálaráðuneytinu.

K.G.Saur, Postfach 701620, D-81316 München, gefur út handbækur um safnmál.

Lineco Inc., PO Box 2604, Holyoke, MA 01041, USA. (fax:+413-534-7815) selur efni, tæki og tól til forvörlsu. Sérhaefir sig í forvörluvörum fyrir ljósmyndir. Gefur út bækling sem hægt er að fá ókeypis.



Kyndilmessukaffi

Kaffi, fróðleikur og góður félagsskapur!

Næstkomandi sunnudag 2. febrúar verður Kyndilmessufögnum á Kaffi Reykjavík kl. 15.00. Þar mun Andrés Erlingsson flytja tólu er hann nefnir:

**Í steinsins form:
Steinbærir og lítil hlaðin steinhús, 1850-1912**

Mælst er til að félagsmenn fjölmenni á þennan fund.

**Í apríl næstkomandi verður haldinn opinn félagsfundur.
Dagskrá fundarins verður auglýst í næsta fréttabréfi.**